


Aftur til fortíðar


Vaxtamunur og þróun fjármálamarkaðar



Vaxtamunur íslenskra viðskiptabanka: Vaxtamunur innlendra viðskiptabanka er hér í alþjóðlegum samanburði en skoða verður þó vaxtamuninn í rekstrarlegu og sögulegu samhengi. Á mynd hér til hliðar má sjá þróun vaxtamunar viðskiptabanka frá árinu 1997 til 2014. Sjá má á mynd hér til hliðar að vaxtamunur var í lágmarki er viðskiptabankakerfið var stærst og í hámarki þegar kerfið var minnst. Þegar myndin er skoðuð verður að hafa í huga að hluti vaxtatekna á árunum 2009 til 2012 var metinn með aðferð virkra vaxta, þ.e. tekjur vegna endurmits lánasafna voru að einhverju leyti teknar í gegnum vaxtamun og er því vaxtamunur ofmetinn á árunum 2009 til 2012. Vaxtamunur er nú svipaður og hann var á árunum 2000 til 2003. Ef farið er lengra aftur í tímann eykst vaxtamunur enn meira.

Vaxtamunur samofinn stærð og kostnaði: Samband vaxtamunar og stærðar ætti ekki að koma á óvart en að áliti fræðimanna er mikil stærðarhagkvæmni í rekstri viðskiptabanka. Enginn íslenskra viðskiptabanka nær hagkvæmustærð sem lengst af hefur verið metin 25 ma. dala (3.250 ma.kr.). Nýjustu rannsóknir benda til að þessi stærð sé nú um 50 til 100 ma. dala (6.500 til 13.000 ma.kr.) og því íslensku bankarnir því örsmáir í þeim samanburði. Til að sjá skilvirkni í rekstri og samanburðarhæfan vaxtamun fyrir íslenska banka þarf að bera saman viðskiptabanka af svipaðri stærð. Í töflu hér að neðan má sjá vaxtamun viðskiptabanka af svipaðri stærð árið 2011.

Mynd hér til hliðar bætir svo þriðju breytunni við sem sýnir þróun kostnaðar innlendra viðskiptabanka á meðalstöðu eigna og vaxtamun. Líkt og vænta mátti eru framangreindar stærðir samofnar þ.e. eftir því sem skilvirkni er meiri m.t.t. eigna dregst vaxtamunur saman og öfugt.



Viðskiptabankar 2011	Vaxtamunur	Stærð (m.kr.)
Íslandsbanki*	4,2%	795.915
First Financial Bancorp	4,1%	818.928
Brookline Bancorp	3,7%	404.954
CVB Financial Corp	3,6%	795.778
First Midwest Bancorp	3,5%	978.759
Bank Nordik	3,5%	366.092
Old National Bancorp	3,4%	1.056.839
Ringkjöbing Landbobanken	3,4%	376.005
MB Financial	3,2%	1.207.010
Provident Financial Ser.	3,1%	871.206
Landsbankinn	2,8%	1.135.482
Arion	2,7%	892.121
Vestjysk	2,7%	627.358
Spar Nord	2,1%	1.501.564
Sparebanken Møre	2,0%	934.442


*Endurmat á lánasafni skekkir vaxtamun og samanburð Íslandsbanka

Heimildir: Ársreikngar innlendra viðskiptabanka árin 1997 til 2014

Aftur til fortíðar

Vaxtamunur og verðbólga

-1997 til 2014-



Áhrif verðbólgu á vaxtamun ekki augljós: Á mynd hér til hliðar má sjá meðalverðbólgu hvers árs og vaxtamun innlendra viðskiptabanka á árunum 1997 til 2014. Ekki er hægt að greina að verðbólga sé ráðandi þáttur í vaxtamun.

Erlendir eigendur innlendra viðskiptabanka:

Framangreindar myndir vekja upp spurningar;

- 1) Ef vaxtamunur er hár hér á landi, af hverju hafa erlendir viðskiptabankar ekki séð sér hag í að opna viðskiptabanka á Íslandi? Aðeins einu sinni í Íslandssögunni hafa erlendir fjárfestar opnað viðskiptabanka á Íslandi en árið 1903 var Íslandsbanki stofnaður af dönskum fjárfestum. Saga hans var stutt en hann í fór í þrot árið 1930 er ríkisstjórn Íslands treysti sér ekki til að mæla með rískisábyrgð fyrir bankann¹.
- 2) Hvort einkavæðing bankanna og ört stækkandi viðskiptabankakerfi á árunum 2000 til 2008 hafi verið tilraun til að auka skilvirkni í bankakerfinu?

Aftur til fortíðar eða framtíðar: Mikilvægt er að mörkuð verði stefna um framtíðarþróun viðskiptabankakerfisins;

- 1) Er eignarhlutur erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum æskilegur? Ef svo er þarf að skrá verulegan hluta bankanna erlendis til að auðvelda aðgengi erlendra fjárfesta. Líklega þarf einnig að selja stærri hlut en 15% líkt og fyrirhugað er nú með sölu Landsbankans. Ólíklegt er að lítill hlutur á móti ráðandi hlut ríkisins í Landsbankanum verði spennandi valkostur fyrir erlenda fjárfesta. Erlent fjármagn mun því ekki streyma inn í bankakerfið líklegra er að það streymi út úr því eins og hnútum er nú háttáð.
- 2) Í skýrslunni „Framtíðarskipan fjármálakerfisins“ sem efnahags- og viðskiptaráðuneytið gaf út árið 2012 var varpað fram þeirri hugmynd hvort takmarka eigi erlenda starfsemi innlendra viðskiptabanka eða jafnvel banna. Þetta er grundvallaratriði sem taka verður skýra afstöðu til. Hætt er við því að innlendir viðskiptabankar verði aðeins til „heimabruks“ ef erlend starfsemi verður takmörkuð og ef erlendir fjárfestar sjá sér ekki hag í að fjárfesta í innlendum viðskiptabönkum.



„Og tíminn er eins og mynd“ orti skáldið Steinn Steinarr (Tíminn og vatnið)

Ráðgjafar:

Snorri Jakobsson

Netfang: snorri.jakobsson@capacent.is

Sími: 540-1245

Copyright by: Capacent

Fjármálaráðgjöf Capacent á höfundarrétt að öllum þeim upplýsingum sem fram koma í þessari samantekt.

Lagalegir fyrirvarar: Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem fjármálaráðgjöf Capacent hefur undir höndum þegar spáin er rituð. Helstu heimildir eru verðskrár, hagtölur auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingaskyni. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur fjármálaráðgjöf Capacent, eða starfsmenn fjármálaráðgjafar Capacent ekki tekið ábyrgð á villum.

Fjármálaráðgjöf Capacent, starfsmenn fjármálaráðgjafar Capacent, stjórnarmenn eða aðilar tengdir fjármálaráðgjöf Capacent kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi útgáfufni fjármálaráðgjafar Capacent. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. ráðgjafar í einstaka félögum, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu.

1. https://notendur.hi.is/ajonsson/kennsla_2012/Hrunid_1930.pdf